

Fréttir úr Fjölbrautaskóla Vesturlands skólaárið 2009 til 2010

25. maí: Brautskráning og skólaslit ([listi yfir nemendur](#))

Föstudaginn 21. maí, var Fjölbrautaskóla Vesturlands slitið og 67 nemendur brautskráðir við hátíðlega athöfn á sal skólans. Hörður Ó. Helgason skólameistari ávarpaði samkomugesti og afhenti útskriftanemum skírteini sín. Hafdís Fjöla Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari flutti [annál vorannar 2010](#).

Hörður Helgason kvaddi þrjá starfsmenn sem láta af störfum eftir langan og farsælan starfsferil við skólann, þau Halldóru Engilbertsdóttur, Kristján Elís Jónasson og Þjóðbjörn Hannesson.

Jóhann Skúli Björnsson nýstúdent flutti ávarp fyrir hönd útskriftarnema.

Kristín Edda Egilsdóttir fékk viðurkenningu skólans fyrir bestan námsárangur nýstúdentna á vorönn 2010. Magnús Ingimarsson fékk Kötluverðlaun fyrir bestan námsárangur iðnema sem luku námi á vorönn 2010. Aðrir útskriftarnemar sem fengu verðlaun og viðurkenningar eru Bergþóra Sveinsdóttir, Guðmundur Böðvar Guðjónsson, Kristín Þóra Jóhannsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson og Líf Lárusdóttir.

Námsstyrkur Akraneskaupstaðar skiptist jafnt milli tveggja umsækjenda sem báðir luku námi á vorönn 2010. Þau eru Kristín Edda Egilsdóttir sem lauk stúdentsprófi af viðskipta- og hagfræðibraut og Aron Öfjörð Jóhannesson sem lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með eðlisfræðikjörsviði. Aron Öfjörð Jóhannesson hlaut einnig verðlaun úr minningarsjóði um Þorvald Þorvaldsson fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði og stærðfræði.

Ásbjörn Egilsson sem lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með lífvísindakjörsviði í desember 2009 fékk verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur úr sjóði Guðmundar P. Bjarnasonar á Sýruparti.



Hörður Ó. Helgason skólameistari ávarpaði útskriftarnemendur í lokin, árnaði þeim heilla og þakkaði þeim fyrir samveruna. Að athöfn lokinni þáðu gestir veitingar í boði skólans. [Meira...](#)

21. maí: Formleg opnun FAB LAB smiðjunnar

Í gær fimmtudaginn 20. maí var FAB-LAB smiðjan á Akranesi opnuð formlega í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Reynir Georgsson verkefnastjóri, sagði frá verkefninu og gaf gestum kost á að kynna sér starfsemina. Aðilar að smiðjunni eru Akraneskaupstaður, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Norðurál og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

21. maí: Sýning á verkefnum og afhending einkunna fyrir sveinspróf

Mánudaginn 17. maí fengu nemendur sem þreyttu sveinspróf á trésmíðaverkstæði skólans afhentar einkunnir og jafnframt voru verkefni þeirra til sýnis. Við það tækifæri var myndin hér að neðan tekin. Á henni eru nemendur sem þreyttu prófið ásamt þrem kennurum við deildina, skólameistara og prófdómara. Verkefnið nemenda var að smíða stiga.



18. maí: Afhending einkunna, prófsýning og staðfesting vals

Aðgangur nemenda að einkunnum í INNU hefur verið opnaður. Afhending einkunna og staðfesting vals er á morgun, miðvikudaginn 19. maí kl. 10. Prófsýning verður sama dag klukkan 10:30 - 11:30. Athugið að þótt einkunn hafi verið skráð í Innu og birt nemendum áskilur skólinn sér rétt til að leiðrétta mistök við útreikning eða skráningu einkunna.

Á morgun fer skólabíllinn frá Borgarnesi kl. 9:15 og til baka frá Akranesi kl. 11:35.

11. maí: Mánudaginn 17. maí verða sjúkrapróf sem hér segir

Klukkan 9

BÓK2036, EFN1036, ENS2036, ENS6036, FRA1036, FRA2036, FRA4036, ÍSL1036, ÍSL3036, ÍSL4036, NÁT1036, SAG1036, SAG2036, STÆ1226, STÆ2936, STÆ3036, UPP1036, VIÐ1436.

Klukkan 13

ÁGS1024, ÍSL5036, LAN1036, RAM6024, SAG3036, STÆ2036.

11. maí: Góður árangur á bikarmóti Þrekmeistarans

Um helgina fór fram hið árlega bikarmót Þrekmeistarans í Íþróttahöllinni á Akureyri. Keppendur voru tæplega 200 og var keppt í 10 greinum sem allar reyndu á þrek og þol. Sigurjón Ernir Sturluson nemandi í FVA náði mjög góðum árangri en hann hreppti þriðja sæti í einstaklingskeppni. Skólavefurinn óskar honum til hamingju.

10. maí: "Hjólað í vinnuna"

Þessa dagana er í gangi hin árlega vinnustaðakeppni Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands „Hjólað í vinnuna“. Markmið keppinnar er að vekja athygli á hjólréiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þetta árið er mikill hugur í starfsmönnum Fjölbrotaskóla Vesturlands og hefur skólinn skráð yfir 30 starfsmenn til keppinnar.



Ljósmynd: Friðbjófur Helgason

3. maí: Kveðjuhóf útskriftarnema (Myndir [hér](#))

Á föstudaginn héldu nemendur sem útskrifast í lok annar kveðjuhóf (dimission). Það fór fram með hefðbundnum hætti. Nemendurnir buðu starfsfólki til morgunverðar klukkan 8:00 og héldu skemmtun á sal í síðustu kennslustund fyrir hádegi. Þeir voru klæddir sem hellisbúar. Myndin hér að neðan var tekin í morgunverðarboðinu.



30. apríl: Ný stjórn Nemendafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands

Í dag voru kynntar niðurstöður stjórnarkjörs Nemendafélags FVA. Lóa Guðrún Gísladóttir var kosin formaður. Hekla Karen Steinarsdóttir, Kristín Björk Lárusdóttir og Olga Þórunn Gústafsdóttir voru kosnar meðstjórnendur. Varamenn í nýju stjórninni eru Engilbert Svavarsson og Lárus Beck. Á nýnemaðegi í haust verður síðan kosinn einn meðstjórnandi til viðbótar úr hópi nýnema.

Skólavefurinn óskar nýjum stjórnarmeðlimum til hamingju með kosninguna og óskar þeim jafnframt velfarnaðar í starfi.

23. apríl: Allir komnir heim frá Berlín

Nú eru allir komnir heim frá Berlín eftir ævintýrlega dvöl í Austurríki og Þýskalandi. Kristján E. Guðmundsson kennari er enn "tepptur" í Grikkalandi en vonandi kemst hann heim fljótlega. [Hér](#) má nálgast nokkrar myndir úr ferðinni.

21. apríl: Nemendur og kennarar koma heim í kvöld

Hópurinn sem hefur verið tepptur í Berlín í tæpa viku, vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, á bókað flug þaðan í kvöld klukkan 20:15 að staðartíma. Flugnúmerið er AEU134 og á síðu 420 á textavarpinu má fylgjast með upplýsingum um komutíma vélarinnar. Skólinn mun senda rútu til að ná í hópinn til Keflavíkur.

19. apríl: Nýjustu fréttir af heimkomu nemenda og kennara

Hópur nemenda og kennara sem ekki hefur komist heim vegna eldgossins í Eyjafjallajökli er nú staddur í Berlín. Nú liggur fyrir að ekki verður flogið frá Berlín til Íslands í dag en áætlað er að fljúga þaðan annað kvöld og á hópinn þá bókað flug heim.

19. apríl: Forinnritun grunnskólanemenda

Forritun grunnskólanemenda sem útskrifast vorið 2010 hefur verið framlengd til 21. apríl. Þá er gert ráð fyrir að allir nemendur hafi sótt um skólavist. Eftir að forinnritun lýkur verða umsóknirnar áfram opnar og nemendur geta breytt þeim frá 7. - 11. júní næstkomandi.

16. apríl: Öskufall seinkar heimkomu nemenda og kennara

Nemendur og kennarar sem hafa undanfarið verið í heimsókn í Bregenz í Austurríki héldu þaðan í morgun með rútu til Þýskalands. Lengra komast þau ekki í bili þar sem allt flug liggur niðri. Samkvæmt áætlun átti að fljúga til London í dag og taka síðan tengiflug til Íslands seint í kvöld. Hópurinn bíður átektu og fer til London þegar færi gefst. Allir eru hressir og taka breytingum á áætlun með jafnaðargeði og senda kveðjur hingað heim.

16. apríl: Kór Menntaskólans við Hamrahlíð kemur í heimsókn

Mánudaginn 19. apríl klukkan 15:00 mun kór Menntaskólans við Hamrahlíð flytja nokkur lög á sal skólans. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

15. apríl: Einar Örn setti heimsmet

Laugardaginn 10. apríl var haldið Íslandsmót í Ike Metal kraftlyftingum. Tveir nemendur okkar tóku þátt í þessu móti. Það voru þeir Einar Örn Guðnason og Nikulás Rúnar Sigurðsson. Þeir stóðu sig mjög vel. Nikulás setti Íslandsmet í hnébeygju í sínum flokki. Einar Örn bætti um betur og setti 3 heimsmet í sínum flokki. Heimsmetin sem hann setti eru í bekkpressu, hnébeygju og í samanlögðum árangri. Frábær árangur það. Við óskum þeim félögum til hamingju með glæsilegan árangur.

15. apríl: Nemendur og kennarar í Austurríki

Átta nemendur og þrjú kennarar eru þessa dagana í heimsókn í [Bregenz í Austurríki](#). Gestgjafaskólinn er austurrískur verslunarskóli með um þúsund nemendur. Íslensku nemendurnir gista hjá jafnöldrum í Bregenz og hafa m.a. stundað útivist, gönguferðir og sótt kennslustundir með gestgjöfum sínum. Allt hefur þetta gengið mjög vel og hafa Austurríkismenn borið þeim vel söguna. Kennararnir hafa setið fundi með heimamönnum, ásamt kennurum frá samstarfsskólum í Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi, Eistlandi og á Spáni. Fundarefni er m.a. uppgjör Comeniusarverkefnis "*Europe in a salad bowl*" sem staðið hefur síðustu ár og fyrirætlanir um frekara samstarf.

10. apríl: Afhending viðurkenninga fyrir góðan árangur í stærðfræðikeppni

Í dag var athöfn á sal skólans þar sem veittar voru viðurkenningar og verðlaun fyrir góðan árangur í stærðfræðikeppni Fjölbrotaskóla Vesturlands. Keppnin var haldin þriðjudaginn 10. mars. Þátttakendur voru 93 talsins úr 9 grunnskólum: Auðarskóla, Brekkubæjar-skóla, Grundaskóla, Grunnskólanum í Borgarnesi, Grunnskólanum á Hólmavík, Grunnskóla Borgarfjarðar, Heiðarskóla, Laugargarðisskóla og Reykhólaskóla. Úr áttundu bekkjum voru 41 þátttakendur, úr níundu bekkjum 16 og úr tíundu bekkjum 34. Tvær lausnir voru ógildar. Þeim 10 efstu úr hverjum árgangi var boðið

á athöfnina þar sem þeim var afhent viðurkenningarskjal. Þeir þrír efstu úr hverjum árgangi fengu peningaverðlaun að auki, 5000 krónur fyrir þriðja sæti, 10000 krónur fyrir annað sæti og 15000 krónur fyrir fyrsta sæti. Norðurál á Grundartanga gaf verðlaunin og greiddi einnig annan kostnað við keppnishaldið.



Hér fer á eftir listi yfir nemendur í efstu 10 sætum í hverjum árgangi. Tiltekið er hverjir eru í 3 efstu sætum en þeir sem eru í fjórða til tíunda sæti eru taldir upp í stafrófsröð. Í áttunda bekk voru tveir jafnir í þriðja til fjórða sæti og fengu báðir þriðju verðlaun.

8. bekkur

1. Ingibjörg S Sigurbjörnsdóttir, Brekkubæjarskóla
2. Eydís Sunna Harðardóttir, Reykhólaskóla
- 3.-4. Filippía Svava Gautadóttir, Grunnskólanum í Borgarnesi
- 3.-4. Valur Örn Vífilsson, Grunnskólanum í Borgarnesi
- 5.-10. Björnfríður S Björnsdóttir, Grundaskóla
- 5.-10. Guðný Hulda Valdimarsdóttir, Grunnskólanum í Borgarnesi
- 5.-10. Hulda Rún Finnbogadóttir, Grunnskólanum í Borgarnesi
- 5.-10. Lára Helgadóttir, Grunnskólanum í Borgarnesi
- 5.-10. Þorbjörg Eva Ellingsen, Brekkubæjarskóla
- 5.-10. Tryggvi Hrafn Haraldsson, Grundaskóla

9. bekkur

1. Þorkell Már Einarsson, Grunnskólanum í Borgarnesi
2. Björk Lárusdóttir, Grunnskóla Borgarfjarðar
3. Arnór Jónsson, Grunnskólanum á Hólmavík
- 4.-10. Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Grundaskóla
- 4.-10. Arnar Freyr Sævarsson, Grundaskóla
- 4.-10. Bergdís Elsa Hjaltadóttir, Grunnskóla Borgarfjarðar
- 4.-10. Eyrún Eiðsdóttir, Grundaskóla
- 4.-10. Eypór Atli Geirdal, Grundaskóla
- 4.-10. Fanney Lind Arnarsdóttir, Auðarskóla
- 4.-10. Sóley Birna Aðalsteinsdóttir, Grunnskóla Borgarfjarðar

10. bekkur

1. A. Gabriel Guðfinnsson, Grunnskólanum í Borgarnesi
2. Telma Dögg Pálsdóttir, Grunnskólanum í Borgarnesi
3. Sveinn Kristján Sveinsson, Brekkubæjarskóla
- 4.-10. Bárður Jökull Bjarkarson, Grunnskóla Borgarfjarðar
- 4.-10. Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Grundaskóla
- 4.-10. Guðni Rafn Harðarson, Brekkubæjarskóla
- 4.-10. Jóhannes Þorkelsson, Brekkubæjarskóla
- 4.-10. Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir, Laugargerðisskóla
- 4.-10. Sigmar Aron Ómarsson, Grunnskóla Borgarfjarðar
- 4.-10. Valdís Marselía Þórðardóttir, Grundaskóla


Þetta er í tólfta sinn sem skólinn heldur stærðfræðikeppni fyrir nemendur áttundu, níundu og tíundu bekkja. Að þessu sinni var sama keppni haldin í sex framhaldsskólum: Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Menntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum í Kópavogi.

9. apríl: Viðurkenningar fyrir góðan árangur í stærðfræðikeppni

Á morgun, laugardaginn 10. apríl, verður athöfn á sal skólans þar sem afhentar verða viðurkenningar og verðlaun fyrir góðan árangur í stærðfræðikeppni fyrir nemendur áttundu, níundu og tíundu bekkja grunnskóla. Athöfnin hefst klukkan 13. Við athöfnina á morgun fá tíu efstu úr hverjum árgangi viðurkenningarskjöl og þrjú efstu úr hverjum árgangi peningaverðlaun að auki. Styrktaraðili keppinnar er Norðurál á Grundartanga.

9. apríl: Góður árangur í forritunarkeppni framhaldsskólanna 2010

Lið Fjölbrautaskóla Vesturlands í Alfa deild (fyrir lengst komna) hafnaði í öðru sæti í forritunar- keppni framhaldsskólanna sem var haldin í Háskólanum í Reykjavík helgina 26. - 27. mars síðastliðinn. Liðið, =); *DROP TABLE Lid;-*, var skipað þeim Aroni Öfjörð Jóhannessyni og Pétri Rafnssyni. Skólavefurinn óskar þeim félögum til hamingju.



8. apríl: Hætt við skipulagða ferð á söngkeppni framhaldsskólanna

Vegna þess hve fáir skráðu sig til fararinnar hefur sú ákvörðun verið tekin að EKKI verður farin skipulögð ferð á vegum FVA og NFFA á söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri.

6. apríl: Söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri – gisting og kostnaður

VMA hefur nú tilkynnt að hægt verði að fá gistingu í húsnæði skólans í tengslum við Söngkeppni framhaldsskólanna ef næg eftirspurn verður. Þá er miðað við 150 manns. Ef nægur áhugi er fyrir hendi meðal nemenda okkar munum við skipuleggja ferð á söngkeppnina í samráði við nemendafélagið.

Reikna má með að rútan kosti kr. 5.000, etv. meira, en það veltur á þátttöku. Gisting í eina nótt í VMA kostar kr. 3.000, aðgangur að keppninni og dansleik kostar kr. 3.300. Auk þess þarf að gera ráð fyrir kostnaði við mat. Miðað við þetta er óhætt að segja að kostnaður við ferðina sé a.m.k. kr. 15.000.

Ef af þessari ferð verður er brottfór áætluð kl. 9 á laugardaginn, komið verður til baka um kl. 18 á sunnudaginn. Í ferðinni er neysla áfengis og annarra vímuefna að sjálfsögðu bönnuð, sbr. skólareglur. Fararstjórn verður í höndum starfsmanns skólans.

Skráning í ferðina fer fram á heimasíðu nemendafélagsins, *nffa.is*. Skráningu lýkur kl. 17 á fimmtudaginn. Þeir sem eru yngri en 18 ára þurfa að skila skriflegu samþykki forráða-manna á skrifstofu skólans á fimmtudaginn ef þeir ætla í ferðina.

Ef einhverjir fara á eigin vegum til Akureyrar þá gera þeir það á eigin ábyrgð og hafa ekki heimild til að gista í húsnæði VMA.

Ef farið verður þarf að greiða fyrir rútu, gistingu, aðgang að keppninni og ballið fyrir hádegi á föstudag.

30. mars: Vegna söngkeppni framhaldsskólanna

Söngkeppni framhaldsskólanna er ráðgerð þann 10. apríl næstkomandi. Nú er ljóst að skólarnir á Akureyri munu ekki bjóða gestum keppinnar upp á gistingu. Þess vegna er óvíst hvort ferð verður farin á vegum FVA á keppnina og nánari upplýsinga er ekki að vænta fyrr en eftir páska.

30. mars: Páskaleyfi

Skrifstofa skólans verður lokuð frá og með miðvikudeginum 31. mars til þriðjudagsins 6. apríl. Fyrsti kennsludagur eftir páska er fimmtudagurinn 8. apríl. Heimavist skólans opnar klukkan 14 miðvikudaginn 7. apríl.

26. mars: Söngkeppni starfsbrauta 2010

Söngkeppni starfsbrauta var haldin hér í FVA í gærkvöldi. Nemendur frá 13 framhalds-skólum á landinu komu og tóku nemendur frá 11 skólum þátt í keppninni. Hátíðin byrjaði á kvöldverði klukkan 18:00 og síðan hófst söngkeppnin klukkan 20. Mikil gleði og ánægja ríkti meðal þeirra 250 gesta sem voru í salnum. Dómnefnd var skipuð þeim Jónsa (Í Svörtum fótum), Heiðrúnu Hámundadóttur (tónmenntakennara) og Kristínu Þóru Jóhannsdóttur (sigurvegara í söngkeppni framhaldsskólanna 2009) og völdu þau framlag starfsbrautar Fjölbrautaskóla Garðabæjar í fyrsta sæti, framlag nemenda í Flensborgarskóla í annað sæti og framlag nemenda í Borgarholtsskóla í þriðja sæti. Margir komu að undirbúningi og vinnu við keppnina s.s. nemendur, starfsfólk í mötuneyti ásamt fleirum. Umsjón með skipulagningu var í höndum starfsfólks og nemenda starfsbrautar FVA. Skólavefurinn óskar starfsbrautinni til hamingju með glæsilega söngkeppni.



25. mars: Nemendur í Nice

Fjórir nemendur úr tréiðnaðardeild skólans, þeir Bjarki Þór Gunnarsson, Kristinn Hlíðar Grétarsson, Orrri Sigurjónsson og Ólafur Helgi Halldórsson eru nú staddur í Nice í Suður-Frakklandi á vegum

Leonardo da Vinci áætlunarinnar. Þeir héldu utan þann 7. mars og koma heim mánudaginn 28. mars. Þeir sækja verkþjálfun í verkmenntaskólanum „Lycée Régional du Batiment“ ásamt því að vinna ýmis störf í byggingargeiranum. Þrjú kennarar hafa farið til Nice og hver þeirra dvalið þar í vikutíma þ.e. Gísli Björnsson, Bjarnþór Kolbeins og Ólafur Haraldsson. Þeir hafa verið strákunum til aðstoðar og kynnt sér starfsemi skólans. Myndirnar hér að neðan eru teknar af Bjarnþóri Kolbeins.



17. mars: Aron Öfjörð í 3. sæti í Landskeppni í eðlisfræði Úrslit í Landskeppni framhaldsskólanna í eðlisfræði fór fram um síðustu helgi. Í úrslitunum kepptu 14 framhaldsskólanemendur úr 9 skólum. Fyrir í vetur var haldin forkeppni og tóku rúmlega 100 nemendur þátt í henni. Aron Öfjörð Jóhannesson nemandi okkar var einn af þeim sem komst í úrslitakeppnina. Aron stóð sig frábærlega og lenti í 3. sæti. Við óskum honum til hamingju með það.



16. mars: Aukasýningar á gamanleikinn Karokí

Leiklistarklúbbur nemendafélagsins verður með aukasýningar á gamanleikum Karokí í Bíóhöllinni á Akranesi klukkan 20:00 næstkomandi fimmtudag og sunnudag. Miðapantanir eru í síma 857-5994 eftir klukkan 16 og miðasala hefst í Bíóhöllinni tveimur tímum fyrir sýningu. Miðaverð er 1500 kr en ef keyptir eru 15 miðar eða fleiri þá er veittur hópafsláttur. Gamanleikurinn hefur hlotið mjög góðar viðtökur þannig að nú er hver að verða síðastur til að sjá þessa frábæru sýningu. Góða skemmtun.

16. mars: Undirritaður samningur um FAB-LAB smiðju

Í gær var undirritaður samningur um FAB-LAB smiðju á Akranesi. Aðilar að samningnum eru Akraneskaupstaður, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Samtök sveitarfélaga á Vestur-landi, Norðurál og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Samningsaðilar hafa sett sér eftirfarandi markmið með samningnum:

- Stuðla að nýsköpun með því að veita einstaklingum aðgang að stafrænum framleiðslutækjum.
- Stuðla að nýsköpun í kennslu og kennsluháttum nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Stuðla að auknu tæknilæsi nemenda, almennra íbúa sem og einstaklinga með iðn- og tæknimenntun.
- Stuðla að hverskonar framþróun í framleiðslu og smíði á varningi sem tengist heimilum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hag geta haft af stafrænni framleiðslu eða þekkingu.

FAB-LAB smiðjan verður til húsa í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Eftir undirritun samningsins var gengið frá ráðningu Guðmundar Reynis Georgssonar í starf verkefnisstjóra FAB-LAB smiðjunnar. Guðmundur Reynir lauk stúdentsprófi frá FVA og verkfræði frá HÍ. Við bjóðum Guðmund Reyni velkominn til starfa og hlökkum til samstarfsins við hann.



15. mars: Námsáætlanagerð og val fyrir haustönn 2010

Upplýsingar um námsáætlanagerð og val fyrir vorönn 2010 eru komnar á vefinn og búið að opna fyrir skráningu á vali í Innu. Nemendur sem ætla að vera í skólanum á haustönn 2010 þurfa að skrá val í Innu. Nemendur geta fengið aðstoð við valið hjá námsráðgjöfum, áfangastjóra, aðstoðarskólameistra og deildarstjórum.

15. mars: Íþróttavakning framhaldsskólanna - Íslandsmet í Hóki Póki

Seinni hópviðburðurinn sem íþróttaklúbbur nemendafélagsins skipulagði í tengslum við „Íþróttavakningu framhaldsskólanna“ var á fimmtudaginn í síðustu viku. Hann hófst á því að nemendur söfnuðust saman fyrir framan skólann og gengu síðan í tvöfaldri röð upp í Akraneshöll. Þar var spriklað og sprellað, m.a. mynduðu nemendur hring sem náði í kringum fótboltavöllinn og svo dönsuð allir saman „Hóki Póki“. Sérfræðingar í „Hóki Póki“ eru sammála um að þarna hafi verið sett Íslandsmet. Það voru samtals 284 nemendur og nokkrir kennarar sem tóku þátt í að setja þetta met.



10. mars: Stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanema

Árleg stærðfræðikeppni fyrir nemendur áttundu, níundu og tíundu bekkja grunnskóla á Vesturlandi var haldin í Fjölbautaskóla Vesturlands miðvikudaginn 10. mars, klukkan 15. Keppendur voru 144 nemendur frá 9 grunnskólum: Auðarskóla, Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Grunnskólanum í Borgarnesi, Grunnskólanum á Hólmavík, Grunnskóla Borgarfjarðar, Heiðarskóla, Laugargerðisskóla og Reykhólaskóla. Að lokinni keppni nutu þátttakendur veitinga í mötuneyti skólans. Styrktaraðili keppninnar er Norðurál á Grundatanga. Viðurkenningar verða veittar laugardaginn 10. apríl kl 13:00.



10. mars: Kynningarmyndband frá gamanleiknum Karokí

[Hér](#) má nálgast kynningarmyndband frá gamanleiknum Karokí sem leiklistarklúbbur NFFA hefur til sýningar um þessar mundir í Bíóhöllinni. Kynningarmyndbandið var útbúið af kvikmyndaklúbbi NFFA undir stjórn Sölkú Margrétar Sigurðardóttur. Í Skessuhorni má lesa umfjöllun um sýninguna. [Sjá umfjöllun hér.](#)

8. mars: Frumsýning á gamanleiknum Karokí

Laugardagskvöldið 6. mars frumsýndi leiklistarklúbbur nemendafélagsins gamanleikinn Karokí í Bíóhöllinni á Akranesi. Höfundar og leikstjórar verksins eru Einar Viðarsson og Gunnar Sturla Hervarsson. Húsfyllir var á sýningunni og skemmtu áhorfendur sér hið besta. Leikstjórar, leikarar og aðrið sem að verkinu komu eiga lof skilið fyrir frábæra sýningu.



Ljósmynd: Inga Sigurðardóttir

Skólavefurinn hvetur alla til að mæta í Bíóhöllina og sjá þennan skemmtilega gamanleik. Verkið verður sýnt í kvöld, mánudaginn 8. mars klukkan 20. Næstu sýningar verða síðan á þriðjudag, fimmtudag og föstudag klukkan 20. Miðapantanir eru í síma 857-5994 eftir klukkan 16 og miðasala hefst í Bíóhöllinni tveimur tímum fyrir hverja sýningu. Góða skemmtun.

8. mars: Kvikmynd af opnum dögum

Kvikmynd sem tekin var á opnum dögum í síðustu viku liggur hér frammi. Myndin er tæplega 5 mínútur að lengd og skráin er 36 megabæti að stærð.

4. mars: Opnum dögum lokið - frí á morgun

Um hádegisbil í dag lauk opnum dögum og í kvöld verður árshátíð nemendafélagsins. Á morgun föstudaginn 5. mars verður frí í skólanum og skrifstofa hans lokuð.

4. mars: Myndir frá opnum dögum

Opnir dagar í Fjölbrautaskóla Vesturlands voru frá þriðjudegi 2. mars til fimmtudags 4. mars. Boðið var upp á mikinn fjölda fyrirlestra, námskeiða og ferða. Myndir frá nokkrum viðburðanna eru [hér](#).

1. mars: Skólabíll á opnum dögum

Á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag í þessari viku eru opnir dagar. Þá daga leggur skólabíllinn á stað klukkan 8:10 frá Borgarnesi en ekki klukkan 7:40. Brottför frá Akranesi er klukkan 15:45 á þriðjudag og miðvikudag og klukkan 13:00 á fimmtudag.

24. febrúar: Val fyrir opna daga

Opnir dagar verða á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag í næstu viku. Nemendur velja dagskrarliði í þessari viku. Opnað verður fyrir val í Plútó klukkan 18 í dag, miðvikudag. Ætlast er til að allir nemendur í reglulegu námi sem fæddir eru 1989 eða síðar hafi valið fyrir klukkan 12 á föstudag. Þess er ekki krafist að eldri nemendur (þeir sem eru fæddir 1988 eða fyrr), nemendur með frávik frá skólasóknarreglur eða í óreglulegu námi (minna en 24 kennsklustundum í viku) taki þátt í dagskrá opinna daga en þeim er það að sjálfsögðu heimilt. Minnt er á að vinsælustu viðburðirnir fyllast fljótt og því borgar sig fyrir nemendur að velja strax þegar opnað verður fyrir skráingu klukkan 18 í dag.

18. febrúar: Íþróttavakning í framhaldsskólum

Í öllum framhaldsskólum landsins stendur yfir verkefnið "Íþróttavakning". Verkefnið er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og nemendafélaga í framhaldsskólum með stuðningi skólanna. Verkefnið gengur út á að fá sem flesta nemendur til að taka þátt og eru skólum gefin stig fyrir þátttöku. Í gær tóku nemendur FVA þátt í Íþróttavakningunni og gengu í skróðgöngu frá skólanum niður í íþróttahúsið við Vesturgötu og tóku þátt í Tarzanleik. Íþróttanefnd NFFA hafði skipulagt þennan viðburð undir dyggri stjórn Lóu Gísladóttur ásamt Jónínu Vígundsdóttur félagsmálfulltrúa, Önnu Bjarnadóttur og Helga Magnússonar íþróttakennara skólans. Íþróttavakningin tókst í alla staði mjög vel og voru 330 nemendur sem tóku þátt í leiknum.



8. febrúar: Námskrárvinna ásamt FSU og FS

Undanfarið hefur Fjölbrautaskóli Vesturlands verið í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um vinnu að nýrri námskrá sem áætlað er að taki gildi í ágúst 2011. Í dag og á morgun (kl: 13:00 - 15:00) munu kennarar frá þessum þremur skólum funda. Í dag hittast hér í FVA fulltrúar kennara í samfélagsgreinum, á Selfossi fulltrúar tungumálakennara og í Keflavík fulltrúar kennara í íslensku og íþróttum. Á morgun koma hingað fulltrúar kennara í rafiðngreinum, tölvugreinum og stærðfræði. Til Selfoss fara fulltrúar í viðskiptagreinum og málmíðngreinum og til Keflavíkur kennarar í náttúruvísindum og sjúkraliðanámi. Vegna þessara funda verður rask á kennslu og munu nemendur geta fylgst með því inni á PLUTO og á tilkynningaskjá í anddyri skólans.

8. febrúar: Viðurkenning fyrir góðan árangur á sveinsprófi



Laugardaginn 5. febrúar bauð Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til hátíðlegrar athafnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar voru afhentar viðurkenningar til þeirra nýsveina sem náðu afbrags árangri á sveinsprófi árið 2009. Alls fengu 18 nemendur viðurkenningu frá félaginu. Meðal þeirra var Gísli Líndal Karvelsson vélvirki. Gísli Líndal lauk hér námi í vélvirkjun á vorönn 2007 og lauk sveinsprófi á síðasta ári með afbrags árangri. Á myndinni hér til hliðar er Gísli Líndal ásamt Þjóðbirni Hannessyni kennara í málmíðngreinum. Við óskum Gísla til hamingju með viðurkenninguna.

20. janúar: Breyting á tímaáætlun skólabíls

Frá og með mánudeginum 25. janúar verður brottför frá Borgarnesi klukkan 7:40 alla daga.

18. janúar: Tímasetning helgarnáms í húsasmíði

Fyrsta kennsluhelgin verður 23. og 24. janúar og þá mæta nemendur sem eru skráðir í TEH2036 og TEH3036. Kennsla byrjar alltaf klukkan 8:30 og stendur til klukkan 18:00. Nánari upplýsingar um helgarnámið finnið þið undir krækjunni "[helgarnám í húsasmíði](#)" hér til hægri á síðunni.

Nemendur í helgarnáminu, athugið að gömlu aðgangsorðin að Pluto og Innu gilda enn hjá ykkur.

14. janúar: Áætlun skólabílsins

Áætlun Borgarnesrúttunnar fyrir vorönn 2010 er komin á vefinn. Þið farið í krækjuna "þjónusta" hér til vinstri og veljið "Skólabíll", þá birtist áætlunin. Áætlunin tekur gildi á morgun, föstudaginn 15. janúar.

14. janúar: Fundur í bæjarstjórn unga fólksins

Fundur í bæjarstjórn unga fólksins var haldinn þriðjudaginn 12. janúar í Stjórnsýsluhúsinu á Akranesi. Árný Lára Sigurðardóttur og Guðmundur Böðvar Guðjónsson voru fulltrúar nemenda í FVA á fundinum. Þau höfðu þar framsögu og tóku þátt í umræðum og stóðu sig með miklum ágætum.



5. janúar: Ferðir skólabílsins á morgun og fyrstu daga annarinnar

Á morgun 6. janúar fer skólabíllinn frá Hyrnunni í Borgarnesi kl. 12:15 og til baka frá Akranesi kl. 15:30. Frekari upplýsingar um [ferðir skólabílsins næstu daga](#) má nálgast hér.

30. desember: Upphaf vorannar 2010

Mánudaginn 4. janúar klukkan 10 er fundur með öllu starfsfólki skólans og fulltrúum nemenda og strax þar á eftir er kennarafundur.

Nýnemar (sem ekki hafa verið nemendur áður í skólanum) mæta á kynningarfund klukkan 10 miðvikudaginn 6. janúar og fá afhentar stundatöflur. Aðrir nemendur geta sótt stundatöflur milli klukkan 13 og 16 sama dag. Kennsla samkvæmt stundatöflu hefst klukkan 8:30 fimmtudaginn 7. janúar. Óskir um breytingar á stundatöflum verða afgreiddar frá klukkan 13 - 18 þann 6. janúar og klukkan 8 - 12 og 13 - 17 fimmtudaginn 7. janúar og klukkan 8 - 12 og 13 - 15 föstudaginn 8. janúar. Töflubreytingum lýkur föstudaginn 8. janúar.

Heimavistin opnar þriðjudaginn 5. janúar klukkan 16.
Reglulegur skólaakstur hefst fimmtudaginn 7. janúar kl. 7:45.

21. desember: Brautskráning og skólaslit ([listi yfir nemendur](#))

Laugardaginn 19. desember, var Fjölbrautaskóla Vesturlands slitið og 57 nemendur brautskráðir við hátíðlega athöfn á sal skólans. Hörður Ó. Helgason skólameistari ávarpaði samkomugesti og afhenti útskriftarnemum skirteini sín. Hafdís Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari flutti [annál vorannar 2009](#). Kristján Gauti Karlsson nýstúdent flutti ávarp fyrir hönd útskriftarnema. Ásbjörn Egilsson fékk viðurkenningu skólans fyrir bestan námsárangur nýstúdenta á haustönn 2009. Oddur Björn Jóhannsson fékk Kötluverðlaun fyrir bestan námsárangur iðnnema sem luku námi á haustönn 2009. Aðrir útskriftarnemar sem fengu verðlaun og viðurkenningar eru Birkir Guðmundarson, Davíð Magnússon, Elsa Þorbjarnardóttir, Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, Eyrún Jónsdóttir, Guðrún S. Sveinbjörnsdóttir, Harpa Jónsdóttir, Ívar H. Sævarsson, Kristín Sandra Karlsdóttir, Kristján Gauti Karlsson, Ragnar Harðarson, Skarphéðinn Magnússon og Þórarinn Halldórsson.



Í lokin ávarpaði Hörður Ó. Helgason skólameistari útskriftarnemendur, árnaði þeim heilla og þakkaði þeim fyrir samveruna. Samkomunni lauk með því að gestir risu úr sætum og sungu *Bráðum koma blessuð jólin* eftir Jóhannes úr Kötlum við lag W. B. Bradbury. Gyða Bentsdóttir var forsöngvari. Tómas Ævar Ólafsson lék undir á gítar. Að athöfn lokinni þáðu gestir veitingar í boði skólans. [Meira...](#)

15. desember: Sýning á verkefnum og afhending einkunna fyrir sveinspróf

Í gær fengu nemendur sem þreyttu sveinspróf á trésmíðaverkstæði skólans um helgina afhentar einkunnir og jafnframt voru verkefni þeirra til sýnis. Við það tækifæri var myndin hér að neðan tekin. Á henni eru nemendur sem stóðust prófið ásamt þrem kennurum við deildina, skólameistara og Kristjáni Bjartmars prófdómara sem er lengst til vinstri. Verkefnið sem nemendur fengu var að smíða turnþak og leystu þeir það allir með miklum sóma.



14. desember: Einkunnar afhending

Aðgangur nemenda að einkunnum í INNU hefur verið opnaður og geta nemendur séð einkunnir

sem búið er að skrá. Formleg einkunnaafhending er þó ekki fyrr en á miðvikudaginn kl. 10:30 og prófsýning verður þann sama dag klukka 11 - 12. Ekki er við því að búast að allar einkunnir verði komnar inn fyrr en á miðvikudaginn. Þótt einkunn hafi verið skráð í Innu og birt nemendum áskilur skólinn sér rétt til að leiðrétta mistök við útreikning eða skráningu einkunna.

14. desember: Inga Elín með Íslandsmet á EM

Inga Elín Cryer nemandi FVA setti Íslandsmet kvenna í 400 metra fjórsundi á lokadegi EM í 25 metra laug í Ístanbul. Skólavefurinn óskar henni til hamingju með árangurinn.

14. desember: Laus pláss á heimavist eftir áramót

Nokkur pláss á heimavist eru laus til umsóknar á vorönn 2010. Áhugasamir sækji um á skrifstofu skólans.

14. desember: Skólabíllinn á prófsýningardag

Skólabíllinn fer frá Borgarnesi kl. 9:45 og til baka frá Akranesi kl. 12:05, miðvikudaginn 16. desember.

8. desember: Inga Elín á EM í sundi

Inga Elín Cryer nemandi FVA á fyrsta ári mun keppa sem fulltrúi Íslands í 400 og 800 metra skriðsundi og 400 metra fjórsundi á EM í Ístanbul í Tyrklandi 10. - 13. desember næstkomandi. Skólavefurinn óskar Ingu Elínu alls hins besta.

2. desember: Mikilvægar dagsetningar á vorönn 2010

6. janúar Afhending stundatöflu og töflubreytingar.

7. janúar Kennsla hefst skv. stundatöflu.

29. mars Páskafrí hefst.

6. apríl Síðasti dagur í páskafrí.

22. apríl Sumardagurinn fyrsti.

30. apríl Síðasti kennsludagur.

3. maí Próf hefst.

13. maí Uppstigningadagur

21. maí Brautskráning og skólaslit.

26. nóvember: Lea Hrund í landsliðshóp

Lea Hrund Guðjónsdóttir, nemandi FVA var valin í landsliðshópinn í sundi sem heldur utan í dag og mun keppa í Færeyjum helgina 27.- 29. nóvember. Skólavefurinn óskar henni alls hins besta.

23. nóvember: Inga Elín Cryer tvöfaldur Íslandsmeistari

Íslandsmeistaramót í sundi í 25 m laug fór fram um helgina. Sundfélag Akraness átti þar marga þátttakendur m.a. nokkra sem eru nemendur í FVA. Öll stóðu þau sig mjög vel. Hæst ber þó árangur Ingu Elínar Cryer sem varð Íslandsmeistari í 200 m flugsundi og í 400 m fjórsundi þar sem hún setti einnig Íslandsmet. Inga Elín náði einnig frábærum árangri í 400 m skriðsundi þar sem hún setti stúlknamet og varð í 2. sæti, hún varð einnig í 2. sæti í 800 m skriðsundi. Jón Þór Hallgrímson var einnig meðal verðlaunahafa, en hann varð í 2. sæti í 200 m flugsundi. Við óskum þeim Ingu Elínu og Jóni Þór til hamingju með glæsilegan árangur.

16. nóvember: Innritun fyrir vorönn 2010 stendur yfir

Umsóknarfrestur um nám á vorönn er til 25. nóvember. Rafrænni innritun í lýkur föstudaginn 20. nóvember en tekið verður við skriflegum umsóknum á afgreiðslu skólans til 25. nóvember. Hægt er að hefja nám á öllum stúdentsbrautum auk þess er hægt að hefja nám á almennri námsbraut, viðskiptabraut til verslunarprófs og húsasmíði (einstaklingar 20 ára og eldri eru velkomnir). Nokkur pláss eru laus í áfanganum CNC103 (CNC-stýringar) sem verður kenndur síðla dags á virkum dögum. Allar upplýsingar liggja frammi á vefnum menntagatt.is

Heimavist: Nokkur pláss á heimavist eru laus til umsóknar.

9. nóvember: Upptökur frá Skammhlaupi

Búið er að klippa saman og útbúa stutta vídeó-samantekt frá Skammhlaupinu sem haldið var föstudaginn 30. október. [Hér má nálgast vídeó-samantektina.](#)

5. nóvember: Skrefað og skrifað um Vesturflös

Á myndinni má sjá nokkra valinkunna þátttakendur í ÍSL2836 sem ber vinnuheitid *Skrefað og skrifað*. Hún er tekin við allra ystu mörk Skagans til suð-vesturs þar sem heitir Vesturflös. Flösin þessi skagar um 2-300 skref fram úr svokölluðum Grenjum þar sem er Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts. Leiða má líkum að því að þar sem nú sér aðeins í berar ísaldarklappirnar hafi áður verið grösugur tangi. En jafnvel þó að staðurinn megi e.t.v. muna fífil sinn fegri þá vita samt margir, og kannski engir betur en nemendurnir á myndinni, að þessar klappir hafa svo sannarlega hlutverki að gegna. Í vari við þær að sunnanverðu er Lambhúsasund.



4. nóvember: Tónlistarkeppni NFFA

Tónlistarkeppni NFFA var haldin síðastliðinn föstudag. Bergur Líndal Guðnason var kosinn besti bassaleikari, Halldór Símon Þórólfsson besti gítarleikari, Guðjón Józef Baldursson besti trommari og Marínó Rafn Guðmundsson besti söngvari. Hljómsveitin "Stengah" hreppti fyrsta sætið, í öðru sæti var hljómsveitin "Cradlestone" og í því þriðja var hljómsveitin "Seagles of black metal". [Hér má nálgast upptöku frá keppninni.](#)

3. nóvember: Fræðslufundur Foreldraráðs

Fræðslufundur á vegum Foreldraráðs FVA verður mánudaginn 9. nóvember, klukkan 20:00 á sal skólans. Fulltrúar Rannsóknna og greiningar við Háskólann í Reykjavík munu ræða um forvarnir með hliðsjón og aðkomu foreldra og skóla. Þá munu þeir sýna tölulegar niðurstöður um áfengis- og vímuefnanotkun meðal framhaldsskólanema og þá sérstaklega nemenda við FVA. Allir eru velkomnir, forráðamenn nemenda eru sérstaklega hvattir til að mæta.

2. nóvember: Innritun fyrir vorönn 2010

Rafræn innritun í framhaldsskóla fyrir vorönn 2010 er hafin og stendur til 20. nóvember. Allar upplýsingar liggja frammi á vefnum menntagatt.is

30. október: Skammhlaup, tónlistarkeppni og ball

Hið árlega skammhlaup, þar sem nemendur skiptastí 8 lið sem keppa í mörgum tugum greina, hófst klukkan 8:30 í morgun og stóð fram yfir hádegi. Lið þeirra hvítu sigraði. Klukkan 17 hefst tónlistarkeppni nemendafélags FVA sem fer fram í Bíóhöllinni. Hátíðahöldum dagsins lýkur með dansleik á vegum nemendafélagsins.



27. október: Gestir frá sex löndum

Fjölbrautaskólinn er aðili að evrópsku Comeniusarverkefni sem nefnist "Europe in a Salad bowl" ásamt sex öðrum skólum í jafnmörgum Evrópulöndum. Auk Íslands eru það Austurríki, Eistland, Spánn, Svíþjóð, Tékkland og Ungverjaland. Þessa dagana eru í heimsókn hjá okkur 18 nemendur og 7 kennarar frá þessum sex löndum. Í morgun voru þátttakendur frá öllum löndunum með skemmtidagskrá á sal skólans. Í tengslum við sama verkefni fór Kristján E. Guðmundsson ásamt nemendunum Ásbirni Egilssyni, Evu Laufey Hermannsdóttur og Guðmundi B. Guðjónssyni í heimsókn til Eistlands og Svíþjóðar í síðustu viku. Á sama tíma fór Jón Árni fór ásamt nemendunum, Kristjáni Gauta Karlssyni, Gyðu B. Bergþórsdóttur og Bergþóru Friðriksdóttur til Spánnar og Austurríkis. Umsjón með þessari heimsókn hefur Kristján E. Guðmundsson.



26. október: Inga Elín náði A-lágmarki á EM

Inga Elín Cryer nemandi FVA á fyrsta ári náði A-lágmarki á Evrópumeistaramótið í 25 metra laug í 400 metra fjórsund í Hafnarfirði um helgina. Hún náði einnig B-lágmarki í 400 og 800 metra skriðsundi. Inga Elín mun keppa sem fulltrúi Íslands í þessum greinum á EM í Instanbúl í Tyrklandi 10. - 13. desember næstkomandi. Skólavefurinn óskar Ingu Elínu til hamingju með árangurinn.

26. október: Einar Örn með brons

Á bikarmóti IKF-Metal sem haldið var laugardaginn 24. október hreppti Einar Örn Guðnason nemandi við málmíðnadeild skólans bronsverðlaun í 90 kg flokki fyrir samanlagðan árangur í hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu. Að auki setti hann þrjú drengjamet. Skólavefurinn óskar Einari Erni til hamingju með árangurinn.

20. október: Góður árangur Arons Öfjörð í stærðfræðikeppni

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema var haldin við framhaldsskóla um land allt þann 6. október. Aron Öfjörð Jóhannesson, nemandi á þriðja ári á náttúrufræðibraut, varð í ellefta sæti í eldri flokki og ávann sér þar með rétt til þátttöku í úrslitakeppninni sem haldin verður síðar í vetur. Skólavefurinn óskar Aroni Öfjörð til hamingju með þennan góða árangur.

20. október: Skammhlaup

Hið árlega skammhlaup, þar sem nemendur skiptast í lið sem keppa í mörgum greinum verður föstudaginn 30. október. Hér má nálgast "[videoklippu](#)" af skammhlaupi frá því fyrir ári síðan.

14. október: Miðannarfrí

Fimmtudag 15. október og föstudag 16. október er miðannarfrí. Engin kennsla verður þessa daga og skrifstofa skólans verður lokuð. Heimavistin verður lokuð frá klukkan 18 í dag 14. október til klukkan 18 sunnudag 18. október.

14. október: Val á áföngum fyrir vorönn 2010

Frestur til að skrá val á áföngum fyrir vorönn 2010 er framlengdur til miðvikudagsins 21. október. [Allar upplýsingar sem nota þarf til að velja áfanga eru hér á vefnum](#). Þeim sem þurfa aðstoð eða ráðgjöf er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara, áfangastjóra eða námsráðgjafa hið fyrsta.

14. október: Jöfnunarstyrkur

Minnt er á að frestur til að sækja um jöfnunarstyrk rennur út í dag 15. október. Upplýsingar eru á vef LÍN (www.lin.is). Nemendur sem verða að dvelja fjarri lögheimili sínu og fjölskyldu vegna náms geta fengið dvalarstyrk og þeir sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla geta fengið akstursstyrk.

12. október: Útivistarhópur á Hafnarfjalli

Frískur hópur nemenda í áfanganum ÍÞR3U13 gekk á Hafnarfjall á laugardaginn 3. október síðastliðinn. Veður var fallett en kalt, logn var á toppnum og skrifuðu allir ferskir og kátir í gestabókina.



30. september: Námsáætlanagerð og val fyrir vorönn 2010

Upplýsingar um námsáætlanagerð og val fyrir vorönn 2010 eru komnar á vefinn og búið að opna fyrir skráningu á vali í Innu. Nemendur sem ætla að vera í skólanum á vorönn 2010 þurfa að skrá val í Innu fyrir 14. október. Nemendur geta fengið aðstoð við valið hjá námsráðgjöfum, áfangastjóra, aðstoðarskólameistra og deildarstjórum.

30. september: Fundargerð skólanefndarfundar

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands kom saman þann 23. september síðastliðinn. [Fundargerð liggur hér frammi.](#)

28. september: Sjö nemendur FVA fá Forsetamerki skátahreyingarinnar

Laugardaginn 26. september afhenti forseti Íslands 22 skátum Forsetamerkið. Forsetamerkið hefur verið afhent árlega síðan 1965 og er staðfesting á að skátinn hafi stundað þrótmikið skátastarf í a.m.k tvö ár og lokið tilskyldum námskeiðum og verkefnum. Í hópi þeirra sem fengu Forsetamerkið afhent þetta árið eru sjö nemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands. Þær Bergþóra Sveinsdóttir, Klara Árný Harðardóttir, Kristjana Kristjánsdóttir, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Sædis Eir Benteinsdóttir, Valgerður Stefánsdóttir og Unnur Rebekka Þránsdóttir. Við óskum þeim til hamingju með þessa viðurkenningu.

24. september: Ný stjórn Foreldraráðs Fjölbrautaskóla Vesturlands

Lög Foreldrafélgs FVA voru endurskoðuð á aðalfundi félagsins þriðjudaginn 22. september

síðastliðinn og var nafni félagsins breytt í Foreldraráð Fjölbrautaskóla Vesturlands. Á fundinum var kosin ný stjórn og í henni eiga sæti: Borghildur Jósúadóttir, Erla Olgeirsdóttir, Eyrún Kristínardóttir, Hrefna Ingólfssdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, Ósk Jónsdóttir og Theódóra Jóhannsdóttir. Birna Þorbergsdóttir og Linda Björk Pálsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga.

18. september: Foreldrafundur

Þriðjudaginn 22. september klukkan 19:30 verður almennur foreldrafundur í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Fundurinn byrjar á aðalfundi Foreldrafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands. Að þeim fundi loknum verður farið yfir nokkur atriði í starfi skólans og síðan gefst forráðamönnum nýnema tækifæri til að hitta umsjónarkennara barna sinna. Skólastjórnendur og námsráðgjafar verða til viðtals.

8. september: Jöfnunarstyrkur

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um jöfnunarstyrk vegna skólaársins 2009-2010. Umsóknarfrestur er til 15. október næstkomandi. Hægt er að sækja um styrkinn í gegnum netbanka eða Innu, vefkerfi framhaldsskólanna.

Nemendur sem verða að dvelja fjarri lögheimili sínu og fjölskyldu vegna náms geta fengið dvalarstyrk og þeir sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla geta fengið akstursstyrk. Allir sem ferðast með skólabílnum í Borgarnesi verða að sækja um.

Nánari upplýsingar eru á vef LÍN (www.lin.is).

7. september: Nýnemasprell á Langasandi

Síðastliðinn föstudag stóð nemendafélag skólans fyrir "Nýnemasprelli". Nýnemar gengu fylktu liði undir dyggri stjórn eldri nemenda upp á Langasand þar sem þeir leystu ýmsar skemmtilegar þrautir á sandinum og í sjónum. Allir virtust skemmta sér hið besta og enginn er verri þótt hann vökni. [Fleiri myndir](#)



3. september: Tímasetning helgarnáms í húsasmíði

Fyrsta kennsluhelgin verður 12. og 13. september og mæting er klukkan 8:30. Upplýsingar um aðrar kennsluhelgar finnið þið undir krækjunni "helgarnám í húsasmíði" hér til hægri á síðunni.

25. ágúst: Áætlun skólabílsins

Áætlun Borgarnesrúttunnar fyrir haustönn 2009 er komin á vefinn. Þið farið í krækjuna "þjónusta" hér til vinstri og veljið "Skólabíll", þá birtist áætlunin.

25. ágúst: Skólaheimsókn frá Austurríki

Fjölbrautaskólinn er aðili að Evrópsku Comeniusarverkefni sem nefnist "Europe in a Salad bowl" og standa að því 6 skólar auk FVA. Þessa dagana eru í heimsókn hjá okkur 9 nemendur og 2 kennarar, ásamt skólastjóra frá einum þessara skóla, BHAK Bregenz (Bundeshandelsakademie Bregenz) í Austurríki. Er þau að kynna sér íslenska skólakerfið og líf og starf í íslenskum framhaldsskóla. Umsjón með þessari heimsókn hefur Kristján E. Guðmundsson.



25. ágúst: Áætlun Borgarnesrútu 25.08 - 28.08

Brottför frá Borgarnesi verður klukkan 7:45 alla daga vikunnar.

Brottför frá skólanum verður klukkan 15:45 á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag.

Á föstudag verður brottför frá skólanum klukkan 14:40.

Endanleg áætlun haustannar verður auglýst föstudaginn 28.08.

18. ágúst: Upphaf haustannar 2009

Fjölbrautaskóli Vesturlands verður settur mánudaginn 24. ágúst kl. 10.

Nýnemar eiga að koma á skólasetninguna. Foreldrar og forráðamenn þeirra og eldri nemendur eru einnig velkomnir. Að skólasetningu lokinni munu nýnemar hitta umsjónarkennara sína, fá stundatöflur afhentar og önnur gögn um skólann. Sérstök dagskrá verður fyrir nýnema þennan dag til kl. 15:30.

Eldri nemendur geta sótt stundatöflur sínar mánudaginn 24. ágúst kl. 13 - 17.

Heimavistin opnar sunnudaginn 23. ágúst kl. 16.

Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu þriðjudaginn 25. ágúst kl. 8:30.

Skólabíll fer frá Borgarnesi mánudaginn 24. ágúst kl. 9:15 og til baka

kl. 16:30. Reglulegur skólaakstur frá Borgarnesi hefst þriðjudaginn 25. ágúst kl. 7:45.

Verslunin Eymundsson, Akranesi, verður með þær bækur til sölu sem notaðar eru í kennslu í FVA. Skiptibókamarkaður er hafinn. Verslunin verður opin til kl. 21, mánudaginn 24. ágúst.

Bókalista fyrir haustönn 2009 má nálgast hér til hægri á heimasíðunni.

18. ágúst: Foreldrafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands boðar til fundar

Foreldrafélag FVA boðar til fundar fimmtudaginn 20. ágúst kl. 20 á sal Fjölbrautaskólans. Allir aðstandendur nemenda FVA eru hvattir til að mæta, sérstaklega er mikilvægt að forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri mæti. Stjórnendur FVA koma á fundinn.

11. ágúst: Aðstoðarskólameistari

Atli Harðarson, aðstoðarskólameistari verður í námsorlofi skólaárið 2009-2010. Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir mun gegna stöðu aðstoðarskólameistara í fjarveru hans.

11. ágúst: Fundargerð fulltrúaráðsfundar

Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands kom saman þann 24. júní. [Fundargerð liggur hér frammi.](#)

11. ágúst: Fundargerð skólanefndarfundar

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands kom saman þann 18. júní. [Fundargerð liggur hér frammi.](#)

10. ágúst: Fjarnám og dreifnám

Menntamálaráðuneytið hefur boðað samdrátt í fjárveitingum til framhaldsskóla. Sá samdráttur hefur m.a. í för með sér að fjárveiting til fjarkennslu og dreifnáms verður skert um 50%. Þetta hefur þau áhrif að Fjölbrautaskóli Vesturlands getur hvorki boðið upp á fjarnám né dreifnám á komandi haustönn. Þó verður reynt að koma til móts við nemendur sem eiga lítið eftir til að ljúka þeirri námsbraut sem þeir eru skráðir á og hafa ekki möguleika á að ljúka námi á annan hátt. Nemendur sem þannig eru staddir þurfa að hafa samband við stjórnendur skólans.

4. ágúst: Opnunartími skrifstofu skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá klukkan 7:50 til klukkan 15:00. Svarað er í síma 433-2500 mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8:00-16:00 og föstudögum frá kl. 8:00-14:45.

19. júní: Lokun vegna sumarleyfa starfsfólks

Skrifstofa skólans er lokuð vegna sumarleyfa starfsfólks frá klukkan 15 í dag föstudag 19. júní. Hún opnar aftur klukkan 13 þriðjudaginn 4. ágúst. Þeir sem eiga brýn erindi við skólann geta náð í skólameistara í síma 864 1711, aðstoðarskólameistara í síma 897 4190 og áfangastjóra í síma 897 5148.

19. júní: Fundur í skólanefnd

Í gær, 18. júní var fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands. Fundarefni voru: Innritun fyrir haustönn, rekstrarstaða skólans, ný útgáfa skólanámskrár, breytingar á starfsliði, hækkun á gjaldskrá mötuneytis og heimavistar.

16. júní: Svör við umsóknum um skólavist

Svör við umsóknum um skólavist á haustönn 2009 verða pósthöggð fyrir vikulok. Þetta á við um umsóknir um reglulegt nám í dagskóla sem bárust áður en umsóknarfrestur rann út þann 11. júní. Hvorki er unnt að svara umsóknum um nám á sjúkraliðabraut né umsóknum um fjarnám og dreifnám fyrir en eftir verslunarmannahelgi.

16. júní: Svör við umsóknum um pláss á heimavist

Svör við umsóknum um pláss á heimavist verða pósthöggð föstudaginn 19. júní.

15. júní: Nemendafjöldi eftir að innritun er lokið

Nú þegar innritun fyrir haustönn 2009 er lokið er fjöldi þeirra sem óskar eftir skólavist alls 686. Þar af eru 126 sem luku 10. bekk í vor og 65 aðrir nemendur sem ekki voru í skólanum á vorönn 2009.

Af þessum 686 nemendum eru 482 fæddir 1990 eða seinna, 104 fæddir á árabílinu 1986 til 1989 og 100 fæddir 1985 eða fyrr. Karlar eða piltar eru 376 og stúlkur eða konur eru 310.

12. júní: Innritun fyrir haustönn 2009 lauk í gærkvöldi

Festur til að sækja um skólavist á haustönn 2009 rann út í gærkvöldi. Alls 125 nemendur sem luku 10. bekk í vor sóttu um FVA sem aðalskóla og 44 sóttu um FVA sem fyrsta varaskóla. Samsvarandi tölur frá vorinu 2008 eru 135 og 39 og vorið 2007 voru þær 133 og 35.

29. maí: Innheimta innritunargjalda fyrir haustönn 2009

Sendir hafa verið út greiðsluseðlar vegna innritunargjalda fyrir haustönn 2009. Gjalddagi er 1. júní og eindagi 10. júní. Nemendur staðfesta að þeir ætla að koma í skólann með því að greiða fyrir lok eindaga. Þeir sem ekki borga verða teknir af skrá.

Ekki voru sendir greiðsluseðlar til allra sem völdu áfanga á haustönn 2009 enda ekki hægt að gefa öllum ákveðin svör um skólavist fyrr en unnið hefur verið úr umsóknum nýnema.

Eftirtaldir nemendahópar fá svör við umsóknum um skólavist og greiðsluseðla fljótlega eftir miðjan júní:

- Nýnemar og endurinnritaðir nemendur sem voru ekki í skólanum á vorönn 2009;
 - Þeir sem sækja um að byrja í iðnnámi eða sjúkraliðanámi;
 - Þeir sem voru með fall (undir 5) í skólasókn og verulegum hluta áfanga á vorönn.
- Umsóknir um dreifnám og fjarnám verða afgreiddar í lok ágúst.